

Breiðafjörður sem Ramsarsvæði

Hömlur, ávinningur, tækifæri -
framtíðin

Trausti Baldursson



Efni

- Ramsarsamningurinn
- Votlendi
- Breiðafjörður – alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði
- Hömlur, ávinningur, tækifæri - framtíðin



Samningurinn

Ramsarsamningurinn (Convention on Wetlands, 1971), kenndur við borgina Ramsar í Íran, er alþjóðasamningur um vernd votlendis og er rammi um vernd og skynsamlega nýtingu (wise use) votlendis og þeirra auðlinda sem þar má finna.


Skynsamleg nýting / Wise use: „að viðhalda vistfræðilegum eiginleikum svæða með því að innleiða vistfræðilega nálgun eða lausnir í anda sjálfbærrar þróunar”. Það er því hægt að líta á skynsamlega nýtingu sem bæði vernd og sjálfbæra nýtingu votlendis og allrar „þjónustu” sem votlendissvæði veita fólki og náttúru



Samningurinn

Alþingi samþykkir þingsályktunartillögu 4. maí 1977 og tók Ramsarsamningurinn gildi 2. apríl 1978

Á Íslandi eru 6 Ramsarsvæði: Mývatn og Laxá (1977), Þjórsárver (1990), Grunnafjörður (1996), Guðlaugstungur, Snæfell og Eyjabakkar og Andakíll (2013). Samtals 128.666 ha eða um 1.287 km².



Samningurinn

Með samþykkt samningsins skuldbindur Ísland sig bæði til að vinna almennt í anda samningsins og að vernda og stýra nýtingu þeirra svæða sem eru sérstaklega vernduð sem Ramsarsvæði. Öll Ramsarsvæði á Íslandi eru líka vernduð skv. lögum um náttúruvernd eða sérlögum.

Í lögum um náttúruvernd eru ýmis ákvæði sem m.a. má rekja til Ramsarsamningsins.



Samningurinn

Alls eru 170 lönd aðilar (member state) að Ramsarsamningnum.

2.370 Ramsar votlendissvæði.

Flatarmál þeirra er 252.562.111 ha eða **2.525.621 milljón km²** stærra en **Frakkland, Þýskaland, Spánn, Portúgal, Ítalía og Svíþjóð til samans** – en samt ekki nóg

Danmörk, Grænland og Færeyjar: (28+12+3=**43**), Finnland og Áland: (47+2=**49**), Svíþjóð: **68**, Noregur, Bjarnarey og Svalbarði (54+1+8=**63**)



Votlendi

Votlendi-Ramsar skilgreining: **votlendi eru svæði s.s. mýrar, flóar, fen, og vötn (straum- og stöðuvötn) með fersku, ísöltu eða söltu vatni þ.m.t. sjór þar sem dýpi er innan við 6 metrar.**

Hvers vegna vernda votlendi:

Vatn og votlendi eru lífsnauðsynleg fyrir afkomu manna og dýra. Votlendi eru meðal þeirra svæða á jörðinni þar sem framleiðni lífs er hvað mest og óendanlegur fjöld dýra og plöntutegunda reiða sig á votlendi sem búsvæði.

Vistkerfisþjónusta votlendis er fjölbreytt: ferskvatn/neysluvatn, fæðuuppspretta, vörn gegn flóðum, „geymir-uppspretta” grunnvatns og bindur kolefni.



Votlendi

Alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði:

Viðmið til að meta hvort svæði er alþjóðlega mikilvægt:

- A. Svæði þar sem votlendisgerðin er dæmigerð, sjaldgæf eða einstök
- T.d. lítt röskuð votlendisgerð af ákveðinni gerð í landshlutanum



Alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði

B. Viðmið byggð á tegundum eða vistfræði samfélaga

- Ef votlendið er búsvæði tegunda eða samfélaga **dýra eða plantna í útrýmingarhættu**
- Ef votlendið styður við plöntu eða dýrategundir sem eru mikilvægar til að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni á ákveðnum svæðum
- Ef votlendið er mikilvægt fyrir plöntu- eða dýrategundir á viðkvæmu stigi í lífsferli þeirra eða athvarf við óhagstæðar aðstæður

Viðmið fyrir votlendisfugla:

- Ef votlendið er að jafnaði búsvæði fyrir 20.000 votlendisfugla
- Ef votlendið að jafnaði búsvæði fyrir 1% af ákveðinni tegund fugla



Alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði

Viðmið fyrir fisktegundir

- Ef votlendi er mikilvægt fyrir stofna fiska (upprunalegar tegundir, undirtegundir eða ætt fiska), lífsferil fiska og stuðlar að viðhaldi á hnattrænni líffræðilegri fjölbreytni
- Ef votlendið er mikilvæg uppspretta fæðu fyrir fiska, hrygningarsvæði, uppeldissvæði, **farleið**

Viðmið fyrir aðrar tegundir

- Ef votlendið stendur undir 1% af stofni tegundar sem er háð votlendi




Er Breiðafjörður alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði




Er Breiðafjörður alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði

Aðeins þarf að uppfylla eitt framangreindra skilyrða til að svæði geti talist alþjóðlega mikilvægt. Gerir Breiðafjörður það? Já og meira til.....

Fuglar í þúsundatali, þang og þari í magni sem hvergi annarsstaðar, fæðusvæði fjölda tegunda, uppeldissvæði, fiskur og önnur sjávardýr, mikilvægar fjöruvistgerði o.s.frv. o.s.frv.



Er Breiðafjörður alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði



Vistgerðir

Forgangsvistgerðir

	Vistgerð	Km ²	% af heildarflatarmáli
Fjara	<u>Gulþörungaleirur</u>	0,81	34
Fjara	<u>Klóbangsfjörur</u>	49,63	70
Fjara	<u>Klóbangsklungur</u>	100,28	87
Fjara	<u>Kræklinga- og sölvaoseyrar</u>	0,42	77
Fjara	<u>Marhálmsgræður</u>	3,60	35
Fjara	<u>Sandmaðksleirur</u>	25,63	17



Fuglar

Forgangstegundir varpfugla: sjófuglar


Tegund	Árstími	Fjöldi (pör)	Ár	% af íslenskum stofni
<u>Fýll</u>	Varp	36.434	1975–2013	3
<u>Toppskarfur</u>	Varp	4.117	2007	84
<u>Æður</u>	Varp	60.000	1999	20
<u>Hvítmáfur</u>	Varp	522	2005–2011	22
<u>Svartbakur</u>	Varp	3.500	2016	50
<u>Rita</u>	Varp	10.313	2006	2
<u>Kría</u>	Varp	15.000	2016	8
<u>Teista</u>	Varp	2.000	2016	16
<u>Lundi</u>	Varp	377.250	2014	19
Alls		512.407		

Forgangstegundir: aðrir fuglar

Tegund	Árstími	Fjöldi	Ár	% af íslenskum stofni
<u>Lómur</u>	Varp	*100	2016	7
<u>Álft</u>	Fellir	3.201	2005	12
<u>Grágæs</u>	Varp	*1.700	1997	6
<u>Grágæs</u>	Fellir	2.500	1997	3
<u>Margæs</u>	Far	15.522	1990-2010	55
<u>Æður</u>	Fellir	36.000	1980	4
<u>Straumönd</u>	Vetur	1.626	1999-2001	12
<u>Haförn</u>	Varp	*47	2016	64
<u>Tjaldur</u>	Vetur	3.347	2017	9
<u>Rauðbrystingur</u>	Far	170.000	1990	49
<u>Sendlingur</u>	Far	5.210	1990	10
<u>Sendlingur</u>	Vetur	2.368	2017	5
<u>Tildra</u>	Far	10.000	1990	7
*Pör				



Selalátur



Útselur (*Halichoerus grypus*)

Selalátur

Selalátur



Selalátur



Talningarsvæði



Landtselur (*Phoca vitulina*)

Selalátur

Selalátur



Selalátur



Talningarsvæði



Hömlur, ávinningur, tækifæri og framtíðin

Hömlur:

Ótti við aukin afskipti erlendis eða innlands frá?

Afskipti af hverju - að hver geti nýtt hvað sem er eins og hverjum hentar hverju sinni?

Er vernd og umsýsla nægjanleg í dag og viðbót því íþyngjandi, eða má og þarf að bæta hvorttveggja?

Eru leyfisveitingar íþyngjandi? Hver leyfir og á hvað forsendum, **hver á lífríkið**, hvað með náttúruvernd, hvað með mat á umhverfisáhrifum?

Er krafa um meiri þekkingu og vöktun hamlandi - dæmi þangskurður



Hömlur, ávinningur, tækifæri og framtíðin

Ávinningur:

Bót að leikreglum sem stuðla að bættri og markvissari umgengni, m.a. reglum í anda Ramsarsamningsins

Getum nýtt okkur áratuga reynslu annarra við umsýslu svæða

Bót að því að fá sýn utan frá til að skoða mál ef í óefni stefnir

Hvað er sjálfbær nýting? Kostur að skoða það í hverju tilfelli fyrir sig og gera það eftir ákveðnum aðferðum/ferlum

Avinningur að því að vernda svæði fyrir ofnýtingu og fylgja reglum um skynsamlega nýtingu, sjálfbæra nýtingu náttúrunnar í heild?



Tækifæri (ef leikreglum er fylgt):

Afurðir Breiðafjarðar:

Kröfur um vottaðar umhverfisvænar vörur aukast sífellt.

Úttektir og leiðir til að koma á skynsamlegri nýtingu nýtast við alla gæðavottun.

Fyrirtæki sem vilja umhverfisvottun afurða hafa forskot.

Ferðamenn vilja heimsækja sérstök svæði og vel rekin svæði heilla meir en önnur.

Aðaltækifærið felst þó fyrst og fremst í því að viðhalda lífríki og gæðum Breiðafjarðar til framtíðar fyrir alla og allt sem á eftir okkur kemur.





Takk fyrir